

**Fjármála- og
efnahagsráðuneytið**

Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd
Sendandi: Skrifstofa skattamála
Dagsetning: 01.11.2013
Málsnúmer: FJR13090030
Bréfalykill: 3.6

Efni: Frumvarp til laga um tekjuáðgerðir frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014 (tekjuskattur o.fl.) - þingskjal 2. - 2. mál og frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014 (verðlagsbreytingar o.fl.) - þingskjal 3. — 3. mál.

Í tengslum við yfirferð á ofangreindum þingmálum nr. 2 og nr. 3 sem vísað hefur verið til efnahags- og viðskiptanefndar óskaði nefndin eftir frekari svörum ráðuneytisins varðandi einstakar breytingatillögur sem fylgja hér með.

I. Frumvarp til laga um tekjuáðgerðir frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014 (tekjuskattur einstaklinga o.fl.) - þingskjal 2. - 2. mál.

1. Í a- og b-lið 1. gr. frumvarpsins er lögð til lækkun á miðprepi tekjuskatts einstaklinga. Óskað er eftir útfærslum á tekjuskattskerfi einstaklinga sem hafa svipaðan kostnað í för með sér og lækkun á miðprepinu.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2014 er gert ráð fyrir lækkun á miðprepi tekjuskatts einstaklinga í 25%, eða um 0,8%. Fram hefur komið að kostnaður ríkissjóðs vegna þessarar lækkunar geti numið allt að 5 milljörðum króna miðað við forsendur fjárlagafrumvarpsins. Rétt er að hafa í huga að endurskoðun tekjuáætlunar mun fara fram þegar endurskoðuð þjóðhagsspá liggur fyrir um miðjan nóvember, þmt á tekjuskatti einstaklinga. Þá gæti reiknaður kostnaður ríkissjóðs vegna lækkunar á miðprepi tekjuskattsins um 0,8% breyst eitthvað.

Í forsendum fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2014 er gert ráð fyrir 5,6% hækkun á tekjumörkum í skattþrepi 2 og skattþrepi 3. Neðri tekjumörkin verða 254.998 kr. á mánuði og efri tekjumörkin 780.922 kr. á mánuði. Í forsendum fjárlagafrumvarpsins er einnig gert ráð fyrir að persónuafsláttur hækki um 3,2% í ársbyrjun 2014, eða um 1.552 kr. á mánuði, sem þýðir að mánaðarlegur afsláttur verður samtals 50.037 kr. á árinu 2014. Flest bendir hins vegar til þess að hækkun persónuafsláttar verði aðeins meiri en gert er ráð fyrir í forsendum frumvarpsins en hækkun persónuafsláttar miðast við hækkun vísitölu neysluverðs frá desember 2012 til desember 2013.

Eftirfarandi eru útfærslur á tekjuskattskerfi einstaklinga sem hafa svipaðan kostnað í för með sér og lækkun á miðprepinu um 0,8%:

1. Hækkun á persónuafslætti um 2.000 kr. á mánuði umfram verðlagsuppfærslu. Þessi hækkun kostar ríkissjóð samtals um 5 milljarða króna.
2. Lækkun á neðsta þrepi tekjuskatts einstaklinga um 0,45%. Kostnaður ríkissjóðs mun aukast um 5 milljarða króna á ári vegna þessarar aðgerðar.

II. Vegna frumvarps til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014

(verðlagsbreytingar o.fl.) - þingskjal 3. — 3. mál:

- 1. Í 12. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Óskað er eftir greinargerð um það af hverju um er að ræða svo mikla lækkun á protabúin.*

Í áætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir liðandi ár var gert ráð fyrir 40 m.kr. frá föllnum fjármálafyrirtækjum. Þær greiðslur urðu hins vegar 51 m.kr. þar sem þrjú fyrirtæki höfðu bæst við frá áætlun (EA Fjárfestingarfélag ehf., Saga Capital hf. og Vaxta hf.). Síðan er áætlað að leggja 25,5 m.kr. á fallin fyrirtæki á árinu 2014. Þá hafa rannsóknirnar verið felldar niður og er þessu ætlað að standa undir kostnaði vegna eftirlits með slitastjórnum.

Í skýrslu til efnahags- og viðskiptaráðherra með rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2013 kemur fram að áætlað var að draga úr rannsóknarstarfsemi í tengslum við bankahrundið og að aðeins yrði um lágmarks starfsemi varðandi slíka vinnu að ræða á árinu. Bent var hins vegar á áframhaldandi eftirlitsskyldu stofnunarinnar vegna slitastjórna fallinna fjármálafyrirtækja (samtals 14 fyrirtæki). Á grundvelli þessara breytinga var því lögð til mikil lækkun á fastagjöldum eftirlitsgjalds á fyrirtæki í þessari stöðu í rekstraráætlun ársins 2013. Þessar breytingar voru teknar í lög nr. 132/2012, um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999.

Fjármálaeftirlitið lagði síðan niður vinnu við rannsóknir tengdar bankahrununu í febrúar á þessu ári en eftir er vinna við skjölun og ýmsan frágang vegna rannsókna. Fjármálaeftirlitið hefur hins vegar áfram áður nefnda eftirlitsskyldu með slitastjórnum fallinna fjármálafyrirtækja. Á grundvelli framangreinds var talið gerlegt að leggja til enn frekari lækkun á fastagjöldum eftirlitsgjalds á fallin fjármálafyrirtæki í rekstraráætlun stofnunarinnar fyrir árið 2014 og koma þessar lækkanir fram í frumvarpinu.

- 2. Í 30. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á lögum um greiðslur Atvinnuleysisstryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks. Óskað er eftir upplýsingum um greiðslur sjóðsins það sem af er árinu.*

Það sem af er árinu nema greiðslur Atvinnuleysisstryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks 134,9 milljónum króna og miðast sú fjárhæð við 14. október sl.

- 3. Í 33.-38. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Óskað er eftir upplýsingum um það hvort breytingar þessar hafi áhrif í báðar áttir, þ.e. hvort um er að ræða gegnumstreymisaðgerð eða aðhaldsaðgerð.*

Síðustu ár hefur verðmiðlunargjald skv. 19. gr. búvörulaga verið lagt á en ráðstafað síðan aftur til sömu aðila og greiddu gjaldið, þar sem það þjónar ekki lengur upphaflegum tilgangi. Breytingar sem hafa orðið á rekstrarumhverfi fyrirtækja í mjólkuriðnaði á undanföllum árum gera þetta verðmiðlunarkerfi óþarft. Því er lagt til að verðtilfærslugjald skv. 22. gr. búvörulaga verði afnumið og form og ábyrgð rekstrar þannig færð til afurðastöðvanna. Verðmiðlunar- og verðtilfærslugjöld koma inn í fjárlög (inn- og útgreiðslur) án þess þó að vera eiginleg ríkisútgjöld í þeim skilningi. Engu að síður eru þessar greiðslur oft túlkaðar sem opinber stuðningur þegar metinn er opinber stuðningur við íslenskan landbúnað. Niðurlagning verðmiðlunar- og verðtilfærslugjalda er „gegnumstreymisaðgerð“ þar sem niðurlagningin hefur ekki áhrif á stöðu ríkissjóðs til sparnaðar. Með öðrum orðum, tekju- og gjaldahlíð fjárlagafrumvarps lækka um sömu fjárhæð.